

Grímseyjarskóli

Afhending 2019/79

Veturinn 1904-1905 hófst föst kennsla barna í Grímsey er Jón Runólfsson var ráðinn til kennslu. Kennt var í kvistherbergi á einum bæjanna í eyggi.

Árið 1905 var byggt skólahús að Miðgöörðum fyrir fé úr Fiskesjóði. Séra Matthías Eggertsson kenndi börnunum þar í þrjú vetur, þar var rúmgóð skólastofa og bókasafnsherbergi. Árið 1908 flutti Hreiðar Geirdal í Grímsey og kenndi hann í barnaskólanum til ársins 1911 en þá tók séra Matthías aftur við kennslunni.

Árið 1914 var Steinólfur Geirdal svo ráðinn kennari og kenndi hann við barnaskólann allt til ársins 1936. Veturinn 1936-1937 kenndi Jakob Ó. Pétursson við skólann og frá 1937-1940 sá Gauti Hannesson um kennsluna. Árið 1940 flutti Sæmundur Dúason til eyjarinnar og kenndi við barnaskólann í 10 ár eða til 1950.

Árið 1960 var skólalaldið flutt úr gamla skólahúsinu í verslunarhús KEA en 6 árum síðar flutti skólinn í félagsheimilið Múla og þar var kennt fram á vor 2019. Veturinn 2019-2020 hefur ekki verið skólalald í eyggi vegna þess að eina barnið á skólaaldri er í skóla á Akureyri.

Árið 2009 sameinaðist Grímseyjarhreppur Akureyrarbæ og tók Akureyrarbær þá við rekstri skólans. Nemendur skiptast í yngri deild og eldri deild, en aðeins er kennt frá 1. upp í 8. bekk. Nemendur í 9. og 10. bekk þurfa að sækja skóla á Akureyri.

Afhendingin kom frá Karen Nótt Halldórsdóttur skólastjóra. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá sama skjalamyndara en gögn tengd Grímseyjarskóla er að finna í afhendingum frá Grímseyjarhreppi.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

13. janúar 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
Grimseyjarskóli			2019 / 79
B-Málaskrá og málafn			
BB-Málafn, 01-201, Yfirstjórn almennt		1939 - 1999	
2019 - BB / 1	1	1962- 1983 Skólahaldsskýrslur; innkomin bréf	
2019 - BB / 1	2	1950- 1969 Innkomin bréf	
2019 - BB / 1	3	1968- 1999 Áætlanir fyrir skólann; skólahaldsskýrslur; haust- og vorskýrslur; vinnuskýrslur kennara; umsóknir um styrkveitingar; ráðningarsamningar og umsóknir fyrir leiðbeinendur; áfanga- og fagstjórn; útprentaður listi úr Þjóðskrá yfir börn 6-16 ára búsett í Grimseyjarhreppi	
2019 - BB / 1	4	1939- 1939 Sparisjóðsbók ferðasjóðs Barnaskólans í Grimsey	10,5 x 16 cm ib.
BB-Málafn, 01-403, Samskipti erlendis		1995 - 1997	
2019 - BB / 1	1	1995- 1997 Innkomin bréf og fleira vegna þáttöku í Comeniusarverkefninu	
BB-Málafn, 06-106, Nemendaskrár, bekkjarlistar,		1936 - 2011	
2019 - BB / 1	1	1936- 1940 Bekkjarkladdar (einnig námsmat)	4 stk.
2019 - BB / 1	2	1940- 1950 Bekkjarkladdar (einnig námsmat)	10 stk.
2019 - BB / 1	3	1950- 1960 Bekkjarkladdar óheilt (einnig námsmat)	8 stk.; vantar skólaárin 1951 -1952 og 1952 -1953
2019 - BB / 2	1	1960- 1970 Bekkjarkladdar (einnig námsmat)	10 stk.
2019 - BB / 2	2	1972- 1980 Bekkjarkladdar óheilt (einnig námsmat)	7 stk; vantar skólaárin 1970 -1971, 1971-1972 og 1975-1976
2019 - BB / 2	3	1980- 1990 Bekkjarkladdar (einnig námsmat)	13 stk; skiptist í eldri og yngri deilt frá 1987
2019 - BB / 3	1	1990- 2000 Bekkjarkladdar yngri deildar (einnig námsmat)	10 stk.
2019 - BB / 3	2	1990- 2000 Bekkjarkladdar eldri deildar (einnig námsmat)	10 stk.
2019 - BB / 4	1	2000- 2009 Bekkjarkladdar yngri deildar (einnig námsmat)	9 stk.
2019 - BB / 4	2	2000- 2009 Bekkjarkladdar eldri deildar (einnig námsmat)	9 stk.
2019 - BB / 4	3	2009- 2011 Bekkjarkladdar	2 stk.